

Alþingi
Erindi nr. P 135/13
komudagur 24.10.2007

Nefndasvið Alþingis
b.t. Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akranesi, 22. október 2007
Tilvísun: L07100016/022.1/MG/rfb

**Efni: Umsögn Landmælinga Íslands um lið 14, umhverfisráðuneyti í
Fjárlagafrumvarpi fyrir 2008.**

Landmælingar Íslands þakka umhverfisnefnd Alþingis fyrir erindi dags. 18. október 2007 þar sem gefinn er möguleiki á umsögn um lið 14, umhverfisráðuneyti, í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2008. Þess ber að geta að eftirfarandi umsögn og skýringar ná eðli málsins samkvæmt aðeins til reksturs og fjárveitinga Landmælinga Íslands.

Þann 8. febrúar 2007 sendu Landmælingar Íslands fjórar fjárlagatillögur til umhverfisráðuneytis auk þess sem þær voru sendar á viðeigandi stað í fjárlagavef fjármálaráðuneytisins. Tillögurnar tengjast meðal annars nýjum lögum nr. 103/2006 um starfsemi Landmælinga Íslands sem tóku gildi 1. janúar 2007. Með nýju lögunum er stofnunin dregin út úr samkeppnisrekstri og lögð áhersla á kjarnaverkefni. Þessi breyting hefur í för með sér verulega skerta möguleika fyrir stofnunina að afla sér sértekna sem hafa verið á bilinu 45-60 milljónir undanfarin ár.

Fjárlagatillögur Landmælinga Íslands vegna ársins 2008 voru eftirfarandi:


<p>Lækkun sértekjukurfu 31,1 milljón</p>	<p>Skýring: Um áramótin tóku gildi ný lög nr. 103/2006 um starfsemi Landmælinga Íslands. Nýju lögunum er m.a. ætlað að draga stofnunina út úr harðri samkeppni og við það verða möguleikar til öflunar sértekna mjög takmarkaðir. Þess er óskað að stofnuninni verði bættar 31,1 milljón vegna þessa taps á sértekjum.</p>
---	---



Þróun og uppbygging jarðstöðvanets á Íslandi 6,0 milljónir, fjögurra ára verkefni	Skýring: Landmælingar Íslands hyggjast þróa og byggja upp GPS jarðstöðvanet með 16-20 stöðvum. Hlutverk netsins yrði að vakta grunnstöðvanetið og viðhalda áreiðanleika þess fyrir notkun einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.
Endurmæling v/jarðskorpuhreyfinga 15,3 milljónir, þriggja ára verkefni	Skýring: Endurmæling hnitakerfis landsins er nauðsynleg til að tryggja viðhald og nákvæmni þess. Hnitakerfið er nú þegar orðið ein af aðalundirstöðum framkvæmda- og skipulagsvinnu bæjar- og sveitarfélaga sem og fjölda stofnana sem vinna með landupplýsingar.
Afritun loftmyndasafns 9,2 milljónir, fimm ára verkefni	Skýring: Í loftmyndasafni Landmælinga Íslands eru um 140.000 loftmyndir af Íslandi frá árunum 1937 – 2000. Myndirnar eru besta heimild sem til er um breytingar á landinu sl. áratugi og því er um ómetanleg gögn að ræða. Það er því mikilvægt að tryggja varðveislu með því að skanna þær yfir á rafrænt form í mikilli upplausn.

Varðandi stöðu framangreindra tillagna er skemmst frá því að segja að ekki er tekið tillit til þeirra í frumvarpi til fjárlaga fyrir 2008. Sértekkjukrafan hefur þó verið lækkuð í um 10 milljónir án þess að bæta stofnuninni þann tekjumissi sem nemur um 30 milljónum. Þess er óskað að umhverfisnefnd taki málið til endurskoðunar enda um mjög mikilvæg grunnverkefni að ræða sem fjölmargir í samfélaginu þurfa að geta treyst á vegna margskonar framkvæmda, umhverfismála, útivistar, skipulags og rannsókna svo eitthvað sé nefnt.

Bestu kveðjur


Magnús Guðmundsson
forstjóri

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra